

08.10.2001

Hr. framkvæmdastjóri,
Gunnar Örn Gunnarsson
KÍSILÍÐJAN hf.
660 Reykjahlíð

MÝVATN Ölduhæð við Slútnes.

Samkvæmt beiðni yðar höfum við kannað breytingar á ölduhæð sem kynnu að verða við strönd Slútness vegna dýpkunar úti fyrir, en aukin ölduhæð gæti stefnt flórgoðahreiðrum við ströndina í hættu. Við útreikninga á ölduhæð er nauðsynlegt að ganga útfrá ýmsum forsendum og höfum við reynt að meta þær þannig að ofmat fáiast á þá breytingar á ölduhæð sem verða við námuvinnslu undan ströndinni. Eftirfarandi forsendur eru notaðar.

1. Reiknað er fyrir veðurgögn frá Geiteyjaströnd maí, júní og júlí árin 1988, 1989, 1990 og 1992, en þann tíma sumars er hreiðurgerð í gangi og hreiðrana vitjað.
2. Reiknað er eingöngu fyrir vindáttir að suð- suðaustan.
3. Grynnssta svæði við strönd er áætlað 0,5 m.
4. Svæði þau sem námavinnsla fer fram er 1 metra djúpt fyrir dýpkun og 2,5 metra djúpt eftir dýpkun.
5. Striklengd öldu er sú vegalengd sem vindur hefur til að byggja upp ölduhæð. Striklengd öldu sunnan Slútness á dýpkunarsvæði er áætluð 1,5 km.

Niðurstöður útreikninga eru sýndar á meðfylgjandi mynd 1 sem sýnir líkindi á að ölduhæð sé meiri en tiltekin hæð fyrir og eftir námavinnslu. Mynd 2 sýnir síðan mismun á bylgjuhæð fyrir og eftir námuvinnslu. Breytingar eru litlar og mesta breyting 8 cm á sér stað einu sinni ofangreind fjögur sumur.


Eins og að ofan greinir var reynt að skilgreina forsendur útreikninga á ölduhæð þannig að ofmat fengist á breytingar vegna dýpkunar við Slútnes. Auk þessa hafa breytilegt dýpi, núningur við botn og gróður á strandsvæðum áhrif til minnkunar ölduhæðar.

Við vonum að ofangreindar upplýsingar komi að gagni og erum að sjálfsögðu reiðubúnir til frekara samstarfs ef óskað er.

Virðingarfyllst,

Snorri Páll Kjara

Bylgjuhæð við Slútnes



Mynd 1

Mismunur á bylgjuhæð við Slútnes á milli núverandi ástands og ástandi eftir námuvinnslu

